

Þriðjudaginn 30. júlí 1985.

Nr. 175/1985. X

gegn
dómsmálaráðuneytinu

Kærumál. Svipting sjálffræðis. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Skaftason og Þór Vilhjálmsson.

Með ódagsettu bréfi, sem barst héraðsdómaranum 3. júlí 1985 frá Kristni Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni, kveðst hæstaréttarlögmaðurinn fyrir hönd X kæra sjálffræðissviptingarmál hennar til Hæstaréttar. Hinn 4. júlí 1985 ritaði héraðsdómarinn hæstaréttarlögmanninum hraðbréf, þar sem segir svo m.a.: „Þar sem kæran uppfyllir tæpast ákv. 23. gr. 1. nr. 75/1973 ber mér samkvæmt 25. gr. sömu laga að óska eftir lagfæringu á henni.“ Þá er í bréfi héraðsdómarans einnig vakin athygli hæstaréttarlögmannsins á ákvæði 10. gr. lögræðislaga nr. 68/1984, sbr. II. kafla laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Málið barst Hæstarétti 18. júlí 1985. Þá hafði ekkert svar borist frá hæstaréttarlögmanninum, og til hans hefur ekki náðst, eftir að málið barst Hæstarétti.

Skipaður verjandi varnaraðilja í héraði, X, Sveinn Skúlason héraðsdómslögmaður, var viðstaddur í bæjarþinginu hinn 14. júní 1985, er hinn kærði úrskurður var upp kveðinn.

Sóknaraðili hefur ekki kært innan tilskilins frests né sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð, og er kæra hans ekki svo úr garði gerð sem skylt er samkvæmt 22. og 23. gr. laga nr. 75/1973. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur, enda hefur varnaraðili engar kröfur gert í málinu.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 14. júní 1985.

Mál þetta var tekið til úrskurðar þann 11. júní sl.

Málið er höfðað af dómsmálaráðuneytinu skv. 5. gr., f lið, og 6. gr. lögræðisлага nr. 68/1984 með kröfu, þingfestri 6. maí 1985, um að X f. 1950, nnr. ..., verði svipt fjárræði og sjálfræði.

Af hálfu varnaraðilja eru gerðar þær kröfur, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað. Þá er gerð krafa um málsvarnarlaun úr ríkissjóði, sem renni til lögmanns varnaraðilja.

— — —

Álit dómsins.

Varnaraðili hefur komið fyrir dóm og mótmælt því að vera vistuð á sjúkrahúsi gegn vilja sínum. Læknarnir Jón G. Stefánsson og Páll Eiríksson eru sammála um, að varnaraðili sé haldinn geðsjúkdómi, geðklofa. Einkenni sjúkdómsins séu fyrst og fremst ranghugmyndir og tilfinningalegir erfiðleikar, en jafnframt sé hún óraunæ og skorti skilning á veikindum sínum.

Þeir eru sammála um, að læknismeðferð sé nauðsynleg og það a.m.k. fyrsta kastið á stofnun. Af skýrslum lögreglu, félagsmálastofnunar og heilbrigðisfulltrúa í Reykjavík, sem frammi liggja í málinu, sést, að varnaraðili hefur átt í verulegum erfiðleikum að sjá sjálfri sér farborða og átt í stöðugum útistöðum við þá, sem hana vildu aðstoða.

Það þykir þannig nægjanlega fram komið, að nauðsyn sé á að vista varnaraðilja á sjúkrahúsi vegna heilbrigði hennar sjálfrar. Þar sem ekki er kostur á að svipta varnaraðilja sjálfræði tímabundið og hún vill ekki samþykkja sjúkrahúsvist, verður ekki hjá því komist að svipta hana sjálfræði skv. 3. gr., a, l. nr. 68/1984.

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. l. nr. 68/1984 ber að greiða allan kostnað varnaraðilja vegna máls þessa úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hans, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 19.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Varnaraðili, X, nnr. ..., skal svipt sjálfræði.

Málskostnaður varnaraðilja greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns hennar, Sveins Skúlasonar héraðsdómslögmanns, kr. 19.000,00.